

Mál nr. 291/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Slysátrygging ökumanns og eiganda.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttakið 7. ágúst 2024, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 21. ágúst 2024, ásamt fylgiskjöllum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 11. september 2024.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi ökutækjaskýrslu A&Ö, dags. 8. maí 2023, varð hinn sama dag árekstur milli ökutækjanna A, sem M ók, og B. Ók M aftan á bifreiðina B á vinstri akrein Kringlumýrarbrautar við Bústaðabrú. Óumdeilt er að M ber, sem ökumaður A, alla sök á umræddum árekstri. Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir meiðslum og sótt bætur úr slysátryggingu ökumanns og eiganda A hjá V. Með bréfi V dags. 30. ágúst 2023 var bótaréttur M felldur niður um 2/3 hluta vegna stórkostlegs gáleysis M. Byggir V á því að M hafi hvoru tveggja verið að aka yfir hámarkshraða og auk þess verið að líta í símann sinn í sömu andrá og hafi það orsakað umferðarslysið. M telur að hraði bifreiðarinnar geti ekki verið tilefni til stórkostlegs gáleysis enda hámarkshraði 80 km/klst. Varðandi meinta símnótun sem vísað er til átti M aldrei við annað en að hún hafði verið að tala í símann þegar umferðarslysið átti sér stað og var það í gegnum handfrjálstan búnað bifreiðarinnar enda var símtækið sjálft í töskunni hennar sem var í aftursæti bifreiðarinnar. Símtæki hennar tengdist bifreiðinni með þráðlausu staðarneti. Það að hún hafi litið af veginum er vissulega óheppilegt en þó heldur ekki tilefni til stórkostlegs gáleysis. Ljóst sé að auglýsingaskilti sem og margt annað sem verði í vegi okkar í umferðinni sé til þess fallið að taka athygli frá veginum. Þá sé nauðsynlegt að taka mið af því að tungumálaörðugleikar geti átt þátt í þeim misskilningi sem virðist vera uppi um þetta atriði enda íslenska ekki fyrsta tungumál M. Komist nefndin hins vegar að því að M hafi sýnt af sér gáleysi sé skerðing um 2/3 hluta í öllu falli úr hófi fram.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til framburðar M í fyrirbyggjandi ökutækjaskýrslu A&Ö þar sem fram komi að hún hafi verið á um 90 km/klst. hraða og í símanum. Samkvæmt 90. gr. laga nr. 30/2004 og 9. gr. skilmála V sé heimilt að lækka eða fella niður ábyrgð félagsins hafi vátryggður valdið vátryggingaratburði með stórkostlegu gáleysi. Við mat á því hvort tiltekin háttsemi í aðdraganda slyssins teljist stórkostlegt gáleysi verði að mati V að taka mið af frumgögnum málsins. Ekki sé hægt að meta þá lýsingu M á símanotkun sem fram kemur í málskoti sem trúverðuga. Sú lýsing sé ekki í samræmi við þá lýsingu sem gefin var á vettvangi, og kom fyrst fram rúmum átta mánuðum eftir slysið. Í tjónstilkynningu A&Ö komi skýrlega fram sú lýsing M að hún hafi verið í símanum þegar slysið gerðist og hafi þar af leiðandi ekki haft augun á veginum. Þá komi jafnframt fram að hún hafi verið á 90 km/klst. M hafi með því að aka á þeim hraða brotið gegn 36. og 37. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til nánar tilgreindra úrskurða nefndarinnar sem fjalla um að tungumálaörðugleikar geti leitt til misskilnings á vettvangi. Ljóst sé að auðvelt sé að missa athygli af veginum þrátt fyrir að vera ekki að horfa á símann sem slíkan.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 90 gr. laga um vátryggingarsamninga má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins ef vátryggður hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið og við úrlausn þess skuli litið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburður bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Ljóst er að fyrrgreint lagaákvæði býður upp á nokkurt mat og þarf að skoða atvik í hverju máli fyrir sig. Samkvæmt framburði M í fyrirbyggjandi ökutækjaskýrslu A&Ö var hún á um 90 km/klst hraða fyrir áreksturinn. Var hún í símanum og leit af veginum og ók því óvart aftan á. Mótmælir M því að hafa brotið gegn 57. gr. umferðarlaga sem leggur bann við notkun farsíma án handfrjálsts búnaðar. Gegn neitun M verður að telja ósannað að hún hafi með beinum

hætti verið að tala í farsíma án handfrjáls búnaðar. Það liggur hins vegar fyrir að athygli M var ekki við aksturinn umrætt sinn og tengir hún það sjálf í við notkun símans. Seinni lýsingar á aðdraganda slyssins koma fram það löngu eftir tjónsatvikið að ekki verður á þeim byggjandi. Ekki liggur fyrir hvort M leit aðeins af veginum og á símann eða hvort hún framkvæmdi einhverjar aðgerðir í símanum umrætt sinn. Verður að telja að til staðar séu orsakatengsl milli þessa aðgæsluleysis M og umrædds áreksturs. Á umræddum tíma var M að aka norður Kringlumýrarbraut í morgunumferð þar sem leyfður hámarkshraði er 80 km/klst. en gera má ráð fyrir að umferð hægi verulega á sér við Bústaðabrúnna vegna þeirra umferðarljósa sem fram undan eru. Nauðsynlegt var því fyrir M að hafa alla athygli við aksturinn og þær bifreiðar sem fyrir framan hana voru. Samkvæmt 1. mgr. 36. gr. umferðarlaga skal jafnan miða ökuhraða við aðstæður með sérstöku tilliti til öryggis annarra. Ökumaður skal haga akstri þannig að hann hafi fullt vald á ökutækinu og geti stöðvað það á þeim hluta vegar sem fram undan er og hann sér yfir og áður en komið er að hindrun. Skv. 2. mgr. sömu greinar hvílir sérstök skylda á ökumanni að aka nægilega hægt miðað við aðstæður í þéttbýli. Er það mat nefndarinnar að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að líta af veginum á síma sinn umrætt sinn og að skerðing bóta sé því heimil með vísan til 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga. Á grundvelli alls framanritaðs er það mat nefndarinnar að sú skerðing skuli nema 1/3 hluta.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna líkamstjóns úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A hjá V, en heimilt er að skerða bætur til hennar um 1/3 hluta.

Reykjavík, 1. október 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir